

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

Elga-H-fluss

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Lóðvökvi.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

1.3 Söluaðili:

Landvélar
Smiðjuvegi 66
200 Kópavogur

Framleiðandi:

GasIQ AB
Täljstensvägen 5
S-44361 Stenkullen, Svíþjóð
00-46-302-24680
info@gasiq.se
www.gasiq.se

Sími: 580 5800
Netfang: landvelar@landvelar.is
Veffang: www.landvelar.is

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H319 Veldur alvarlegri augnertingu Augnert.2
H361 Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði Eit.á æxl.2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

VARÚÐ

Hættusetningar

H319 Veldur alvarlegri augnertingu
H361 Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði

Varnaðarsetningar

P102 Geymist þar sem börn ná ekki til
P201 Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.
P261 Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu.
P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.
P305+P351+P338 BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur.
Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P337+P313 Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni.
P501 Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur

Kalíummetabórat.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Á ekki við

3.2 Blöndur:

Kalíummetabórat			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	> 50
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	237-262-2	H-setningar	-
CAS	13709-94-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Augnert.2- H319, Eit.á æxl. 2 - H361d			

Kalíumtetraflúoróbórat			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	> 25
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	237-928-2	H-setningar	-
CAS	14075-53-7	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Bórsýra			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 5
Raðnúmer	005-007-00-2	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	233-139-2	H-setningar	-
CAS	10043-35-3	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.á æxl.1B - H360D			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni verði vart við einkenni. Leitið lækni við mikla áverkun, hætta á lungnabjúg.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við einkenni.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í 5 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni við ertingu..
Inntaka	Skolið munn vandlega og drekkið mikið vatn eða mjólk. Leitið strax lækni. Framkallið ekki uppköst. Haldið höfði lágt við uppköst, þ.a. efnið berist ekki í lungu. Leitið strax lækni. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun	Ertung í nefi, koki og öndunarvegi, andnaud.
Snerting við húð	Langvinn snerting getur valdið roða og ertingu.
Snerting við augu	Snerting veldur roða og verulegri ertingu og sviða.
Inntaka	Veldur óþægindum við inntöku, særindum í koki, magaverkjum, niðurgangi og uppköstum.
Seinkuð einkenni	Hár styrkur lóðreyks getur valdið lungnabjúg. Einkennum getur seinkað.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé eftir einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum hverju sinni.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim. Getur myndað kolmónoxíð, koldíoxíð, eitraðar gufur - flúoríð, vetnisflúoríð, bórsýruanhýdríð.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Notið persónuhlífar. Rýmið mengað svæði. Reykið ekki. Forðist myndun og innöndun gufu.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Notið ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 7. um meðhöndlun, lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar. Forðist myndun og innöndun gufu.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið á köldum og þurrum stað í vel luktum upprunalegum umbúðum. Gewymið fjarri eldfimur efnum, sterkum oxurum, sterkum sýrum, matvælum og dýrafóðri.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	
Flúoríð (sem F)		2			WEL
Nituroxíð	1	2			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

Athugið

Takmörkunarfærubreyta fyrir kalíumtetraflúoróbórat er gefið upp sem flúoríð (sem F) Nituroxíð (nituroxíð og niturdíoxíð) myndast við hátt hitastig. Því ber að taka tillit til viðmiðunargilda fyrir þessar lofttegundir.

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Hafið augnskol tiltækt á vinnusvæði.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar	
Augnhlífar	Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)
Húð - hendur	Notið efnahelda hanska t.d. úr nítírl- eða bútýlgúmmi, (EN 374). Notið verndarkrem. Athugið leiðbeiningar framleiðanda um gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.
Húð - annað	Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034). Öryggisskór.
Öndunarfæri	Við skamma áverkun ætti að nota hálfgrímu með síu af gerð P3 eða B/P3. Við lengri vinnu með vöruna eða áverkun ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN 143, EN 14387)..

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Duft/deigkennt
Litur:	Hvítur
Lykt:	Væg
Bræðslumark:	>400°C (bórsýra brotnar niður við 100°C, og myndar bórsýruanhýdríð)
Blossamark:	Varan er ekki eldfim.
Sjálftendrun:	Nei
Oxandi eiginleikar:	Nei
Eðlismassi (20°C):	1,223 g/cm ³
Vatnsleysni:	Leysist í vatni
Sprengifimi:	Nei

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Vetnisflúoríð getur myndast við bruna, og í snertingu við sýrur.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin gefin upp af framleiðanda.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar, sterkar sýrur, eldfim efni.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Varan er ekki eldfim. Getur myndað kolmónoxíð, koldíoxíð, eitraðar gufur - flúoríð, vetnisflúoríð, bórsýruanhýdríð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Eiturhrif:

Innöndun

Erting í nefi, koki og öndunarvegi, andnauð, inflúensueinkenni. Langvinn innöndun gufu við lóðun eykur hættu á myndun lungnasjúkdóma.

Snerting við húð

Langvinn snerting getur valdið roða og ertingu.

Snerting við augu

Snerting veldur roða og verulegri ertingu og sviða.

Inntaka

Veldur óþægindum við inntöku, særindum í koki, magaverkjum, niðurgangi og uppköstum.

Æxlunarfæri

Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði.

Kalíumtetraflúroróbórat

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD ₅₀	5854	mg/kg	rotta	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Varan er ekki talin skaðleg umhverfinu.

Flúoríðjónir					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	64 mg/l	240 klst	fiskar	
Eiturhrif	IC ₅₀	95 mg/l	96 klst	Þörungar	

12.2 Þrávirkni og niðurbrot: Varan inniheldur ólífræn efni sem brotna ekki niður í náttúrunni.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

Kalíumtetraflúoróbórat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	0,22			

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Varan er vatnsleysanleg, dreifist í vatnsumhverfi.

12.5 PBT/VPvB: Mat hefur ekki farið fram.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 06 03 14 (sölt og lausnir önnur en tilgreind eru í 06 03 11 og 06 03 13) 16 05 07 (aflögð ólífræn efni sem eru eða innihalda hættuleg efni)
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinsa má óhreinar umbúðir með vatni.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H360D	Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði
H361	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði

Útgáfa/Dags: 2/09.09.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarléibeyninga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

GASIQ AB
SAEKERHETSATABLAD
ELGA-H-FLUSS/ELGA-H-PASTA

Útgáfa:

14.12.2015